

Fimmtudaginn 13. desember 1979.

Nr. 91/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Sigurjóni Guðmundssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Hinn 28. desember 1977 kom skipaður verjandi ákærða í héraði fyrir sakadóm Reykjavíkur og flutti þar munnlega vörn. Að því loknu var málið tekið til dóms. Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp á dómþingi 2. júní 1978, og voru þá liðnir röskir fimm mánuðir frá því hinn munnlegi málflutningur fór fram og málið var dómtekið. Er þetta brot á 165. gr. laga nr. 74/1974, shr. 191. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til málflutnings að nýju og uppsögu dóms.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til málflutnings að nýju og dómsuppsögu.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. júní 1978.

Ár 1978, föstudaginn 2. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 239/1978: Ákærvaldið gegn Sigurjóni Guðmundssyni, sem dómtekið var 28. desember sl.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 9. nóvember sl., gegn Sigurjóni Guðmundssyni pípulagningameistara, Reynimel 84, fæddum 12. október 1924 í Kolsholtshelli, Villingaholtshreppi, Árnessýslu. Honum er gefið að sök „að hafa fimmtudaginn 16. september 1976, er hann ók bifreið sinni, R 40047, austur Tryggvagötu í Reykjavík inn á Lækjargötu á móti biðskyldumerki, sem þar er á gatnamótunum, eigi sýnt af sér nægjanlega aðgát og eigi vikið fyrir bifreiðinni R 42184, sem ekið var suður Lækjargötu, með þeim afleiðingum, að árekstur varð með bifreiðunum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 48. gr., c lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 16. september 1977, um kl. 0910, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að árekstur hefði orðið á gatnamótum Lækjargötu og Tryggvagötu. Tveir lögreglu-menn komu á vettvang, og hafði annar þeirra tal af ökumönnum, en hinn gerði uppdrátt af vettvangi. Þarna hafði orðið árekstur milli bifreiðanna R 40047, sem ekið var austur Tryggvagötu, og R 42184, sem ekið var suður Lækjargötu.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni kvaðst ökumaður R 42184, Arnfríður Ólafsdóttir, hafa ekið bifreiðinni frá Skúlagötu suður Lækjargötu eftir vinstri akrein. Hún kvaðst ekki geta sagt til um það, á hvaða hraða hún ók umrætt sinn. Ökumaður R 40047 hefði komið til sín þegar eftir áreksturinn og spurt sig, á hvaða hraða hún hefði ekið, og kveðst hún hafa svarað því til, að líklega hefði hún ekið á 50 km hraða. Kveðst hún hafa verið í upp-námi og þess vegna sagt þetta án þess að vita, á hvaða hraða hún ók. Hún sagði, að þegar hún hefði komið að Tryggvagötu, hafi bifreiðinni R 40047 verið ekið af þeirri götu í austur inn á Lækjargötu, og skipti engum togum, að bifreiðin lenti á hægra framhorni og utan á frambretti bifreiðarinnar R 42184, sem hún ók.

Báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð, þegar áreksturinn varð, og hafi bifreið hennar kastast til að framan, þannig að hún hafi ekki náð að stöðva bifreiðina fyrr en uppi á eyjunni, sem skiptir akbrautinni. Kvaðst ökumaðurinn telja, að ef bifreiðin R 40047 hefði verið kyrrstæð, þegar áreksturinn varð, hefði bifreið sú, sem hann ók (R 42184), ekki breytt um stefnu og öll hlið hennar rispast. Ökumaðurinn kveðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 40047, rétt áður en áreksturinn varð, og þá hemlað, en var kominn svo nálægt bifreiðinni R 40047, að ekki hafi tekist að forðast árekstur. Ökumaðurinn kynnti sér vettvangsuppdrátt lögreglunnar og taldi hann vera réttan og taldi, að hemlaför þau, sem sýnd eru á uppdrættinum við framhjól bifreiðarinnar R 40047, væru eftir þá bifreið, enda hafi hann skoðað þau, strax eftir að bifreiðin hafði verið færð til, og hafi þau sjáanlega verið alveg ný. Ökumaðurinn sagðist hafa tekið eftir því, að lögregluþjónn sá, sem mældi upp vettvang, hafi mælt í skrefum, en hafi ekki verið með málband.

Við lögregluýfirheyrslu kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni R 40047 hægt austur Tryggvagötu og stöðvað við biðskyldumerki, sem er á gatnamótum Tryggvagötu og Lækjargötu fyrir umferð, sem ekið er austur Tryggvagötu. Hann hafi litið til beggja hliða og enga umferð séð og ekið því hægt af stað, en þá orðið var við ferðir R 42184 og stöðvað bifreið sína, R 40047. Hafi bifreið sín verið kyrrstæð við áreksturinn. Kvaðst ákærði telja, að orsök árekstrarins væri sú, að bifreiðinni R 42184 hefði verið ekið of hratt. Taldi hann, að uppdráttur lögreglunnar af vettvangi væri ekki réttur, en áleit, að bifreið sín hefði staðið aftar en fram kemur á uppdrættinum og hafi framendi hennar verið 30 cm yfir miðlinu akbrautarinnar. Hafi umferð gengið óhindrað eftir vinstri akreininni til suðurs, á meðan beðið var eftir komu lögreglunnar á vettvang. Taldi ákærði, að lögreglumennirnir hefðu ekki að sínu viti framkvæmt neinar mælingar á staðnum og þess vegna hafi strax risið ágreiningur um staðsetningu bifreiðar ákærða, eftir að hún hafi verið færð til. Ákærði hélt því fram, að hemlaför, sem sýnd eru á uppdrættinum við framhjól bifreiðarinnar, hefðu verið á götunni fyrir áreksturinn.

Arnfríður Ólfasdóttir, ökumaður bifreiðarinnar R 42184, kom fyrir dóm vegna máls þessa 11. október sl., og staðfesti vitnið skýrslu þá, er það gaf um áreksturinn hjá lögreglu. Sagði vitnið, að bifreiðin R 40047 hefði verið færð af vettvangi eftir áreksturinn, þar sem hún olli umferðartruflun, en áður hafi lögreglu-

menn verið búnir að mæla upp árekstursstað og vettvang. Annar lögreglumannanna hafi stikað vettvanginn, en vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hvort málband var notað, enda minnti vitnið, að það hefði verið inni í lögreglubifreiðinni hluta þess tíma, er mælingin fór fram. Vitnið kvaðst hafa kynnt sér bremsuför á götunni, sem merkt eru á uppdrætti lögreglunnar, eftir bifreið ákærða og hafi hún ekki talið nokkurn vafa á, að hér væri um að ræða bremsuför eftir bifreið ákærða, þar sem förin hafi verið alveg nýleg og á þeim stað, er bifreið ákærða stöðvaðist. Taldi vitnið vettvangsuppdrátt lögreglunnar í öllum atriðum réttan. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði farið þó nokkuð yfir miðlínu akbrautarinnar, sem er fyrir umferð suður Lækjargötu. Kveðst vitnið hafa ekið á miðri vinstri akrein Lækjargötu í suður. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið mjög dónalegur við lögreglumenn þá, er komu á vettvang. Vitnið kvaðst ekki muna, á hvaða hraða það ók, í þann mund er áreksturinn varð, en tæplega hafi það verið á ólöglegum hraða, þar sem vitnið hafi verið nýbúið að taka beygju og ekki vant að aka hratt. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart ferða R 40047, fyrr en rétt í þann mund er árekstur varð, og hafi því ekki séð, hvort ákærði stöðvaði bifreið sína við biðskyldumerkið við gatnamótin.

Ákærði mætti fyrir dómi í máli þessu þann 17. mars 1977 og við þingfestingu málsins þann 2. desember sl. svo og 5. desember sl. Var framburður hans samhljóða framburði þeim, er hann gaf um málið hjá lögreglunni, og staðfesti hann, að þar væri rétt eftir sér haft. Ákærði sagði, að er lögreglan kom fyrst á vettvang, hefði enginn ágreiningur orðið, en þegar hann hafi spurt um bremsuför bifreiðarinnar R 42184, hafi hann ekki fengið svör við því, og eftir að bifreið ákærða hafði verið færð, hafi ágreiningur risið milli sín og lögreglumannanna um staðsetningu bifreiðar ákærða samkvæmt frásögn og uppmælingu lögreglumannanna. Kvaðst ákærði hafa fylgst með vettvangsmælingu lögregluþjónsins, sem framkvæmdi mælinguna, út um bílrúðu lögreglubifreiðarinnar og hafi hann ekki séð, að lögregluþjónninn hafi notað málband við uppmælinguna. Kvaðst ákærði mót-mæla því, að bifreiðum hafi verið ekið hægra megin fram með bifreið ákærða á vettvangi, áður en bifreið ákærða var færð, þar sem bifreiðar, er óku austur Tryggvagötu, hafi annað hvort ekið afrennslisbraut í suður eða vinstra megin við bifreið sína.

Vitnið Jónatan Hall hefur gefið skýrslu fyrir dómi.

Vitnið kvaðst minnast þess að hafa farið á vettvang í sam-

bandi við ofangreindan árekstur. Það hafi haft tal af öikumönn-um bifreiðanna inni í lögreglubifreiðinni, sem voru nokkru norð-an við bifreið ákærða, eins og bifreiðin er staðsett á uppdrættinum. Kveðst vitnið hafa séð úr lögreglubifreiðinni, að framhluti bifreiðarinnar R 40047 hafi verið yfir miðlínu götunnar. Taldi vitnið uppdráttinn, sem Guðmundur Örn Ragnarsson gerði á vettvangi, alveg réttan. Bifreiðum hafi verið ekið í austur meðfram hægri hlið R 40047, áður en bifreiðin var færð af vettvangi. Bifreiðar, sem óku suður Lækjargötu, hafi komist meðfram bifreiðinni R 40047. Vitnið sagði, að Guðmundur hefði haft málband á vettvangi, enda hafi vitnið sérstaklega fengið málband á lögreglustöðinni, þar sem hvorugur þeirra var þar með málband. Kvaðst vitnið þó ekki þora að fullyrða, að það hafi séð Guðmund nota málbandið. Vitnið minntist að hafa séð Guðmund stika vegalengdina frá horni eystri eyjarinnar á Lækjargötu og að þeirri sömu bifreið. Kveðst vitnið halda, að það hafi aðstoðað Guðmund við að mæla hemlaför, sem merkt eru eftir bifreiðina R 42184, og hafi verið notað málband við það. Taldi vitnið öruggt, að hemlaför, merkt eftir báðar bifreiðarnar á uppdrættinum, hafi verið ný og eftir bifreiðarnar R 40047 og R 42184. Vitnið kvað ákærða hafa sagt á vettvangi, „að það væri alltaf eins með lögregluna, hún gerði aldrei rétt, það sem hún ætti að gera,“ og hafi ákærði dregið í efa, að starfsaðferðir lögreglumannanna varðandi þennan árekstur væru réttar.

Vitnið Guðmundur Örn Ragnarsson, sem gerði vettvangsuppdráttinn, var yfirheyrt fyrir lögreglu og fyrir dómi. Staðfesti það vettvangsuppdráttinn sem réttan. Kvaðst vitnið vant að gera uppdrætti á árekstursstað og kvaðst ávallt nota málband á vettvangi og hafi það einnig gert svo í þetta sinn. Kveðst vitnið hafa vandlega mælt út staðsetningu bifreiðar ákærða á gatnamótunum og hafi það mælt út frá þrem punktum, eins og venja er. Öruggt sé, að staðsetning bifreiðar ákærða hafi verið rétt mæld miðað við umferðareyjarnar. Það geti þó verið, að miðlína götunnar á uppdrættinum sé ekki alveg sú sama og raunveruleg miðlína götunnar, enda sé hún teiknuð inn með blýanti á uppdrættinum, og kvaðst vitnið ekki hafa mælt miðlínuna sérstaklega á vettvangi. Afstaða bifreiðarinnar miðað við miðlínu geti skeikað einhverju, en staða bifreiðarinnar miðað við umferðareyjarnar sé rétt. Vitnið sagði, að öikumenn beggja bifreiðanna hefðu verið inni í lögreglubifreiðinni, er hann mældi upp vettvanginn. Vitnið kvaðst ekki hafa notað málband við mælingu á

þeim stöðum, sem það taldi ekki skipta máli varðandi afstöðu bifreiðanna. Vitnið sagði, að ákærði hefði strax við komu lögreglunnar á vettvang farið að skipta sér af því, hvernig vitnið mældi vettvang, og kveðst það minna, að ákærði hafi sagt, að hemlaför bifreiðarinnar R 42184 væru lengri en raun var á. Kvaðst vitnið álíta, að för á uppdrættinum, merkt eftir bifreið ákærða, væru örugglega eftir bifreið ákærða, þar sem vitnið hafi litið undir bifreiðina og förin hafi verið í beinu framhaldi af stöðu hjólanna. Eftir að bifreið ákærða var færð, kveðst vitnið hafa mælt aftur hemlaförin eftir framhjól hennar og skoðað þau nánar.

Ákærði sýndi í dóminum tvo uppdrætti gatnamálastjórans í Reykjavík af ofangreindum gatnamótum. Samkvæmt þeim eru stærðarhlutföll ekki alveg þau sömu og uppdráttur úr kortabók lögreglunnar, en grunnmynd uppdráttarins er úr henni.

Ákærða var boðið að ljúka þessu máli með lögreglusátt og síðar dómssátt, en hann hafnaði því fyrir dómi 17. mars 1977, og var málið að lokinni dómsrannsókn sent ríkissaksóknara til ákvörðunar.

Við úrlausn á því sakarefni, hvort ákærði hafi gerst brotlegur gegn tilgreindum lagaákvæðum í ákæru, ræður hvorki ágreiningur um hárnákvæma staðsetningu bifreiðar ákærða á vettvangi úrslitum né það, hvort bifreið ákærða var í kyrrstöðu eða ekki við áreksturinn. Þykir fyllilega í ljós leitt, að ákærði hafi ekki í umrætt sinn sýnt nægilega aðgát, er hann ók inn á gatnamót fyrrgreindra gatna, enda nýtur umferð suður Lækjargötu aðalbrautarréttar gagnvart umferð austur Tryggvagötu, og ósönnuð er með öllu fullyrðing ákærða, að bifreiðinni R 42184 hafi verið ekið með of miklum hraða suður Lækjargötu, er ofangreindur árekstur átti sér stað.

Hefur ákærði því gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir réttilega heimfærð til refsí-ákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann gengist undir að greiða með dómssátt í Reykjavík 22. janúar 1968 400 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga. Öðrum kærum og refsingum hefur hann ekki sætt, svo kunnugt sé um.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 15.000, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Einnig verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar,

þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 15.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Guðmundsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 2 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.

Fimmtudaginn 13. desember 1979.

Nr. 87/1979. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Sigurbirni Bjarnasyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Vitnin þrjú, er bera um háttsemi þá, sem ákærða er gefin að sök í málinu, unnu eið að framburðum sínum. Voru vitnin Stefanía María Jónsdóttir og Þór Ólafsson samprófuð við ákærða, áður en eiðvinning fór fram.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna dómsins ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000